

Fundur minjaráðs Norðurlands eystra
Akureyri, 23. nóvember 2016
Borgum v/Norðurslóð, kl. 14-16

Dagská

1. Fundarmenn boðnir velkomnir, ýmis praktísk mál (ritun fundargerðar o.fl.) – fundur settur.
2. **Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum** (nr. 20/2016). <http://www.althingi.is/altext/145/s/1051.html> Kynning á lögnum og umræður. Stefnt er að því að setja mikla fjármuni í uppbyggingu innviða á vinsælum ferðamannastöðum. Mikilvægt er að sækja hér fram fyrir landshlutann. Hvaða staði ættum við að leggja áherslu á á Norðurlandi eystra?
3. **Strandminjar í hættu.** Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðingur hjá MÍ fjallar um strandminjaverkefnið sem hann vinnur að nú um stundir. Minjum, vítt og breitt um landið, er að skola á haf út og erum við að missa mikið að fornleifum sem tengjast sjósókn og útgerð á fyrri öldum. Hvernig er staðan og hvað er til ráða?
4. Önnur mál:
 - a. **Verndarsvæði í byggð.** Stutt kynning á stöðu mála.
 - b. **Starfsreglur minjaráða.** Kynning – athugasemdir.
 - c. **Tilfallandi viðfangsefni.** Er e-ð sem minjaráðsfulltrúar vilja koma að til umræðu

Fundarmenn: Rúnar Leifsson, *formaður*, Baldur Daníelsson, Guðmundur St. Sigurðarson, Haraldur Þór Egilsson, Sif Jóhannesdóttir og Guðmundur Ögmundsson, sem einnig ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Steinunn María Sveinsdóttir og Örlygur Kristfinnsson.

1.

Rúnar setti fundinn og kynnti dagskrá. Fram kom að þetta var þriðji fundur minjaráðsins og sá fyrsti undir stjórn Rúnars. Samþykkt var að meðlimir ráðsins skiptust á að rita fundargerð og var Guðmundi Ögmundssyni falin fundarritun að þessu sinni.

2.

Rúnar kynnti lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (nr. 20/2016). Minjastofnun kemur að þessu varðandi fornminjar og gömul mannvirki. Minjaráð þarf að greina staði sem þarfnast innviðauppbyggingar, ekki síst til að fyrirbyggja skemmdir vegna átroðnings. Skila þarf inn hugmyndum til verkefnastjórnar í desember næstkomandi, en hún skilar tillögum áfram til Alþingis í janúar. Þær tillögur fara mögulega inn í

þriggja ára áætlun sem hefst 2018. Foráætlun fyrir ýmis brýn verkefni fer af stað 2017 en í henni eru engir fornleifastaðir.

Í framhaldi af kynningu Rúnars ræddu fundarmenn ýmsa staði á Norðurlandi eystra sem koma til greina í tengslum við innviðaupbyggingu. Fundarmenn voru sammála um að nálgast þetta viðfangsefni út frá landfræðilegri dreifingu innan fjórðungsins. Alls voru ræddir 14 staðir og svæði sem áhugavert væri að skoða nánar í ljósi innviðaupbyggingar. Við þennan lista munu svo bætast tillögur frá minjaráðsfulltrúum í Fjallabyggð.

[Sif og Haraldur viku af fundi kl. 14:55]

Liður 3 fluttist aftur fyrir lið 4.

4.

Rætt var um verndarsvæði í byggð og styrkveitingar til þeirra. Siglufjörður sótti um vegna tveggja verkefna og fékk styrk til annars þeirra. Meðlimir minjaráðs þurfa að hafa opin augu fyrir möguleikum og benda sveitarfélögum á að sækja um.

Rúnar fór yfir drög að sameiginlegum starfsreglum fyrir minjaráð landsins. Grunnurinn að verkefnum er skipt í föst og tilfallandi viðfangsefni. Öll minjaráð taka fyrir föst viðfangsefni og skila inn til Minjastofnunar. Tilfallandi verkefni eru þau sem nefndarmenn vilja sjálfir taka upp

3. (fluttur aftur fyrir 4.)

Guðmundur St. Sigurðarson fjallaði um verkefnið *Strandminjar í hættu*, en hann starfar að því verkefni fyrir MÍ. Verkefnið felst í því að skrásetja allar minjar við ströndina og greina þær hættur sem að þeim steðja. Flestar stafa þær af beinum eða óbeinum áhrifum loftslagsbreytinga: Hækkandi sjávarstaða; minni hafís veldur meiri ölduhæð; tíðari og verri veður fylgja hækkandi sjávarhita; landsig á völdum stöðum; aukin áhrif landbrots þar sem öldur skella á þíðri jörð. Verkefnið er skammt á veg komið og Guðmundur kallaði eftir ábendingum frá minjaráði um staði í bráðri hættu.

Baldur velti upp þeirri hugmynd um að hvetja hin ýmsu ferðafélög og gönguklúbba til að skipuleggja útivistarverkefni og skrá á sínum svæðum, en í slíkum félögum og klúbbum er alla jafna mikil þekking til staðar og áhugi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:55